

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Bæjarhrepps.

#### 1. gr.

Hitaveita Bæjarhrepps sér um dreifingu á heitu vatni á orkusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir varmaorku og annað sem hér er tilgreint, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatts.

#### 2. gr.

|  |     |        |
|--|-----|--------|
| 1. Vatnsgjald um mæli fyrir rúmmetra vatns | kr. | 89     |
| 2. Fastagjald mælis pr. ár                 | kr. | 14.019 |
| 3. Lokunargjald                            | kr. | 2.803  |
| 4. Gjald fyrir aukaálestur                 | kr. | 467    |

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfi sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sólarhring). Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miðað við snertihitastig mælaborns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Tengigjöld eru sem hér segir:

|               |     |         |
|---------------|-----|---------|
| Heimæðargjöld | kr. | 420.560 |
|---------------|-----|---------|

#### 3. gr.

Hitaveita Bæjarhrepps lætur hverju húsi, sem er tengt við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan leggur dreifikerfi, heimæðar og inntök inn fyrir vegg í húsnæði notanda. Kostar uppsetningu rennismælis, síu, loka og hita/þrýstmælis. Annar búnaður við tengingu húsnæðis er á kostnað notanda. Miðast gjaldskrá hitaveitunnar við selt heitt vatn á rúmmetra samkvæmt rennismælinum. Hitaveitan ræður gerð rennismæla og sér um viðhald þeirra.

Hver notandi veitunnar þarf varmaskipti til upphitunar húsnæðis og skaffar veitan eitt stk varmaskipti við inntak. Húseigandi ber síðan ábyrgð á viðhaldi og endurnýjun varmaskiptis.

#### 4. gr.

Notendagjöld skv. 2. gr. verða krafin mánaðarlega með gjalddaga 30. dag næsta mánaðar og eindaga 30 dögum síðar. Lesið verður af mælum eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er að vaxtareikna ógreidd notendagjöld frá gjalddaga hafi þau ekki verið greidd á eindaga.

#### 5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli til notanda sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Sá sem vanskilum veldur skal í hvert sinn greiða lokunargjald sbr. 2. gr. gjaldskrárinnar. Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

#### 6. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum veitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notanda hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

#### 7. gr.

Breytingar á gjöldum skv. 2. gr. skulu háðar samþykki sveitarstjórnar Bæjarhrepps og skulu þær staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Bæjarhrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2012 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 1091/2011 dagsett 18. nóvember 2011.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. desember 2011.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Erla Sigríður Gestsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2011